

Nd.

471. Frumvarp til laga

[124. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 288 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

1. Frá og með 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot hönnuð nær friðlýstum varpstöðvum nytjafugla en 3 km, nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna útrýmingar ófriðaðra ránfugla. Á sama tímabili má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en 1/4 km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Bæjarfógetar og sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr. hljóðar svo:

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru undir b- og e-liðum 2. málsg. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fuglabjörgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álftar og gæsa, hværrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í Vestmannaeyjum skal svartfugl, þ. e. langvía, stuttnefja, álka og lundi, vera algerlega friðaður fyrir öðrum veiðitækjum en háf, enda skulu öll skot bönnuð þar frá 15. apríl til 1. sept. nema til aflifunar búpenings eða gegn ófriðuðum ránfuglum í nytjuðum fuglabjörgum.

4. Í kríuvörpum skal heimilt að taka kríuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur.

21. gr. hljóðar svo:

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), svartfuglasnöru, stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildirur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.